

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Rannsóknarsjóð síldarútvegsins.

### Stofnun.

#### 1. gr.

Heiti sjóðsins er Rannsóknarsjóður síldarútvegsins. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

Sjóðurinn var settur á fót með lögum nr. 43/1998, sbr. og síðari breytingar, samþykktar á Alþingi 10. maí 2005.

#### 2. gr.

Fjárhæð stofnfjár sjóðsins er 80 milljónir af eigin fé síldarútvegsnefndar, sbr. 9. gr. laga nr. 43/1998. Höfuðstóll sjóðsins skal vera 10 milljónir.

### Markmið.

#### 3. gr.

Markmið sjóðsins er að efla vöruþróun og markaðsöflun á síldarafurðum. Jafnframt að efla nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi.

Markmiðum sjóðsins skal fyrst og fremst náð með veitingu styrkja, í samræmi við úthlutunarreglur sem stjórn sjóðsins setur.

Jafnframt er stjórninni heimilt að leggja út í kostnað við fræðslu- og kynningu á niðurstöðum verkefna sem hlotið hafa styrki.

### Tekjur og gjöld.

#### 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

- a. Ávöxtunartekjur stofnfjár.
- b. Fjárframlög og gjafir.
- c. Aðrar tekjur.

#### 5. gr.

Gjöld sjóðsins eru sem hér segir:

- a. Útgjöld og kostnaður við að sinna verkefnum sjóðsins samkvæmt 3. gr.
- b. Almennur rekstrarkostnaður sjóðsins.
- c. Önnur útgjöld.

#### 6. gr.

Gæta skal hagsýni í hvívetna við meðferð eigna og fjármuna sjóðsins. Fé sjóðsins skal ætíð ávaxtað á tryggan og arðbæran hátt. Ekki skal ráðstafa hærri fjárhæð á hverju ári en sem nemur árstekjum sjóðsins, auk 1/10 af eigin fé sjóðsins að frádregnum höfuðstól, sbr. 2. gr.

### Stjórn.

#### 7. gr.

Í stjórn rannsóknarsjóðs síldarútvegsins eiga sæti fjórir menn og fjórir til vara. Félag síldarútgerða á Norður- og Austurlandi og Félag síldarútgerða á Suður- og Vesturlandi skulu hvort um sig tilnefna tvo stjórnarmenn og tvo til vara til tveggja ára í senn. Kjósi félagsmenn

félaga síldarútgerða að sameina félögin í eitt, tilnefnir hið sameiginlega félag alla stjórnarmenn, bæði aðal- og varamenn.

## 8. gr.

Sjóðstjórn skiptir með sér verkum þegar hún kemur fyrst saman.

Sjóðstjórn heldur fundi þegar þurfa þykir en eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Rita skal fundargerðir stjórnarfunda.

## 9. gr.

Sjóðstjórn úthlutar styrkjum og er heimilt að kalla utanaðkomandi fagfólk til ráðgjafar við úthlutun. Hún skal setja úthlutunarreglur, sem henni ber að fylgja við úthlutun styrkja.

## 10. gr.

Sjóðstjórn stýrir daglegum rekstri sjóðsins, annast fjárvörslu hans og ræður öllum málefnum hans til lykta með þeim takmörkunum, sem greindar eru í skipulagsskrá þessari.

Sjóðstjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til sjóðsins. Skal hann þá vera gjaldkeri sjóðsins, hafa prókúruumboð og sjá um bókhald og fjárreiður sjóðsins eða sjá um vistun hans á annan hátt samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar. Sjóðstjórn skal fela löggiltum endurskoðanda að annast endurskoðun bókhalds.

## 11. gr.

Sjóðstjórn ber ábyrgð á því að meginmarkmiðum sjóðsins, eins og þeim er lýst í 3. gr. verði náð að svo miklu leyti sem kostur er.

## 12. gr.

Sjóðstjórn skal gæta almennra lagaákvæða um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sbr. lög nr. 19/1988.

## 13. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta eftir tillögu stjórnar, með samþykki sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og tekur breytingin gildi þegar hún hefur hlotið staðfestingu sýslumannsins á Sauðárkróki.

## 14. gr.

Sjóður þessi verður lagður niður sé stjórn hans einhuga um það og að fenginni umsögn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið tekur þá við öllum eigum sjóðsins til ráðstöfunar og varðveislu. Eignunum verður aðeins ráðstafað í samræmi við markmið sjóðsins sbr. 3. gr.

## 15. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár Vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóðs síldarútvegsins sem staðfest var þann 18. ágúst 1998. Fellur sú skrá því úr gildi.

Nr. 487

9. maí 2008

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 9. maí 2008.*

**Ríkarður Másson.**

Helgi Már Ólafsson.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 27. maí 2008